



Stjórnarsýslu- skoðun 2022 -


Strandabyggð

Endurskoðunarvið KPMG

14. apríl 2023



Um dreifingu skýrslunnar



Í skýrslu þessari eru upplýsingar sem eru fyrst og fremst ætlaðar stjórnendum sveitarfélagsins og tengjast niðurstöðu stjórnarsýsluskoðunar.

Í samræmi við stig ábendinga, sem nánar eru skilgreind í almennri umfjöllun um stjórnarsýsluskoðun, verður upplýsingum um öll mikilvæg atriði sem fjallað er um í skýrslunni komið á framfæri við sveitarstjórn í endurskoðunarskýrslu okkar.

Nánari upplýsingar um skýrslu þessa veita:

Haraldur Örn Reynisson

Partner

✉ hreynisson@kpmg.is

Kristján Jónasson

Partner

✉ kjonasson@kpmg.is

Sesselja Árnadóttir

Verkefnastjóri

✉ sesseljaarnadottir@kpmg.is

14. apríl 2023

Strandabyggð
Þorgeir Pálsson sveitarstjóri
Höfðagötu 3
510 Hólmavík

Stjórnsýsluskoðun árið 2022

Með skýrslu þessari viljum við koma á framfæri helstu niðurstöðum varðandi stjórnsýslu sveitarfélagsins.

Samhliða vinnu við endurskoðun ársreiknings fyrir árið 2022 hefur verið kannað hvort almenn stjórnsýsla sveitarfélagsins og einstakar ákvarðanir af hálfu þess eru í samræmi við reglur um fjármál sveitarfélaga, ábyrga fjármálastjórn og upplýsingaskyldu sveitarfélaga, sbr. 3. mgr. 72. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Var í því sambandi kannað hvort sveitarstjórn hafi fylgt ákvæðum laga, reglna og samþykktu er lúta að stjórnsýslu, svo sem sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Í skýrslunni eru ýmsar upplýsingar sem taldar eru geta komið að gagni varðandi innra fyrirkomulag og stjórnsýslu, auk ýmissa athugasemda/ábendinga og tillagna um mögulegar úrbætur.

Skýrslan er í tveimur hlutum þar sem athugasemdir/ábendingar eru dregnar fram í fimm dálka formi. Fyrri hlutinn fjallar um ýmis atriði sem fram komu við skoðunina, hvaða áhætta getur falist í þeim og á hvern hátt megi draga úr eða koma í veg fyrir hana. Þessi atriði hafa verið borin undir stjórnendur og starfsmenn hjá sveitarfélaginu, eftir því sem við hefur átt í hverju tilvik, og er greint frá skýringum og tillögum þeirra til úrbóta. Seinni hlutinn er samantekt á nokkrum athugasemdum varðandi stjórnsýslu sem fram hafa komið í eldri skýrslum okkar um stjórnsýsluskoðun í tengslum við endurskoðun ársreiknings sveitarfélagsins og staða þeirra mála.

Virðingarfyllt,

KPMG ehf.

Haraldur Örn Reynisson partner og Kristján Jónasson partner



Athugasemdum og ábendingum er skipt í þrjú stig:

1 Stig 1

Nauðsynlegt er að bæta stjórnsýslu. Undir fyrsta stig falla athugasemdir/ábendingar sem taldar eru mikilvægastar og til að tryggja að úrbætur nái fram að ganga eru æðstu stjórnendur sveitarfélagsins upplýstir um þær. Um slíkar athugasemdir/ábendingar er því að jafnaði fjallað í endurskoðunarskýrslu til sveitarstjórnar, en að auki er ítarlegri umfjöllun um þær í skýrslu til sveitarstjóra þegar við á.

2 Stig 2

Ábending um veikleika í stjórnsýslu. Undir annað stig falla athugasemdir/ábendingar sem talið er nægjanlegt að fjalla um í skýrslu til sveitarstjóra. Í endurskoðunarskýrslu til sveitarstjórnar er þó að jafnaði getið um athugasemdir/ábendingar við einstaka þætti starfseminnar frá fyrra ári, sem ekki hafa verið lagfærðir og falla undir þetta stig.

3 Stig 3

Tækifæri til úrbóta. Undir þriðja stig falla athugasemdir/ábendingar sem ræddar eru við sveitarstjóra, fjármálastjóra, aðalbókara eða aðra þá sem málið varðar, en ekki er talin ástæða til að fjalla um í endurskoðunarskýrslu til sveitarstjórnar. Þessar athugasemdir/ábendingar eru ekki eins mikilvægar og athugasemdir í stigum eitt og tvö, en samt talið nauðsynlegt að koma þeim á framfæri á viðeigandi hátt. Að jafnaði koma fram upplýsingar um stöðu ábendinga frá fyrra ári, en ekki talin ástæða til að fjalla um stöðu eldri ábendinga sem falla undir þetta stig.

✓ Brugðist hefur verið ábendingu eða hún ekki lengur viðeigandi af öðrum ástæðum.

Athugasemdir og ábendingar tengdar stjórnsýsluskoðun

Stjórnsýsluskoðun 2022

Atriði skoðað	Athugasemdir / ábendingar	Áhrif / möguleg áhrif	Tillögur okkar um úrbætur	Viðbrögð stjórnenda	Stig
Leyfi fulltrúa frá störfum	Á fundi sveitarstjórnar 13. september 2022 var tekin fyrir beiðni nefndarfulltrúa um leyfi frá störfum. Ekki var tilgreint það tímabil sem leyfið á að vara, sbr. 2. mgr. 30. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.	Bókun sveitarstjórnar er ekki að fullu í samræmi við kröfu 2. mgr. 30. gr. sveitarstjórnarlaga um að leyfi skuli veita til fyrir fram ákveðins tíma.	Sveitarstjóri sjái til þess að gætt verði að ákvæðum 2. mgr. 30. gr. sveitarstjórnarlaga þegar sveitarstjórnar- eða nefndarfulltrúi óskar eftir leyfi frá störfum.	Sveitarstjóri hyggst bregðast við ábendingunni næst þegar slík erindi koma til afgreiðslu í sveitarstjórn. Hins vegar kom fram í erindi viðkomandi aðila að hann hygðist koma tilbaka að loknu námi sumarið 2023 og leit sveitarstjórn á að leyfið yrði til þess tíma.	2
Samþykkt um stjórn Strandabyggðar	Samþykkt um stjórn Strandabyggðar er frá árinu 2016 með breytingum sem gerðar voru 2022. Ekki hefur skipulega verið farið yfir samþykktina í ljósi fyrirmyndar ráðuneytisins nr. 1180/2021.	Mögulega er ekki fjallað í samþykktinni um öll þau atriði sem fyrirmynd ráðuneytisins geymir en hún tekur mið af sveitarstjórnarlögum eins og þeim hafði verið breytt fram til útgáfu fyrirmyndarinnar.	Sveitarstjóri sjái til þess að samþykkt um stjórn sveitarfélagsins verði uppfærð með hlíðsjón af fyrirmynd ráðuneytisins.	Sveitarstjóri hyggst bregðast við ábendingunni.	2
Kjör í nefndir í framhaldi af sveitarstjórnarkosningum vorið 2022	Farið var yfir ákvæði 39. gr. samþykktar um stjórn Strandabyggðar nr. 194/2016 varðandi nefndakjör og þau ákvæði borin saman við kjör sveitarstjórnar í nefndir samkvæmt fundargerðum. Kjörnir eru fulltrúar í talsvert fleiri nefndir, ráð og stjórnir en tilgreindar eru í samþykktinni.	Ekki er fullt samræmi milli samþykktar um stjórn sveitarfélagsins og formlegs kjörs fulltrúa í nefndir.	Sveitarstjóri sjái til þess að farið verði sérstaklega yfir upptalningu á nefndum, ráðum og stjórnnum við endurskoðun samþykktar um stjórn Strandabyggðar, sbr. ofangreinda ábendingu.	Sveitarstjóri hyggst bregðast við ábendingunni í tengslum við endurskoðun á samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.	2

Athugasemdir og ábendingar tengdar stjórnsýsluskoðun

Stjórnsýsluskoðun 2022, frh.

Atriði skoðað	Athugasemdir / ábendingar	Áhrif / möguleg áhrif	Tillögur okkar um úrbætur	Viðbrögð stjórnenda	Stig
Viðaukar við fjárhagsáætlun	Á fundi sveitarstjórnar 8. nóvember 2022 var samþykktur viðauki V við fjárhagsáætlun. Ráða má af bókun að hluti af þeim viðauka sé eftir á samþykki útgjalda og þannig sé ekki að öllu leyti fylgt reglum um samþykki viðauka við fjárhagsáætlun skv. 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.	Ekki er að öllu leyti fylgt ákvæðum sveitarstjórnarlaga um að óheimilt sé að víkja frá fjárhagsáætlun nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina.	Sveitarstjóri sjái til þess að fylgt verði ákvæðum 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 við afgreiðslu viðauka við fjárhagsáætlun.	Sveitarstjóri hyggst bregðast við ábendingunni.	2
Sveitarstjórnarfundir og ritun fundargerða	Af bókunum í sveitarstjórn sem og kvörtunum til innviðaráðuneytisins má ráða að ekki hafi í öllum tilvikum verið fylgt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Strandabyggðar varðandi m.a. fundarsköp og ritun fundargerða í framhaldi af sveitarstjórnarkosningum 2022.	Ekki virðist að öllu leyti hafa á árinu 2022 verið fylgt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Strandabyggðar er varða sveitarstjórnarfundir og ritun fundargerða.	Sveitarstjóri sjái til þess að fylgt verði reglum um fundarsköp og ritun fundargerða í öllum tilvikum, sbr. jafnframt bókun í sveitarstjórn 13. desember 2022.	Sveitarstjóri telur að þegar hafi verið hafist handa við að bregðast við ábendingunni. Sveitarstjórnarfulltrúi hefur sent inn erindi vegna þessa til innviðaráðuneytisins og þar er þetta mál stalt. Jafnframt hefur verið skerpt á þessum þáttum við framkvæmd sveitarstjórnarfunda, s.s. varðandi erindi sem tekin eru fyrir í sveitarstjórn og atkvæðagreiðslur, frá því athugasemd viðkomandi kom fram.	2

Athugasemdir og ábendingar tengdar stjórnsýsluskoðun

Stjórnsýsluskoðun 2022, frh.

Atriði skoðað	Athugasemdir / ábendingar	Áhrif / möguleg áhrif	Tillögur okkar um úrbætur	Viðbrögð stjórnenda	Stig
Erindisbréf fastanefnda	Gerð hafa verið erindisbréf fyrir fastanefndir sveitarfélagsins sem kjörið er í samkvæmt samþykkt um stjórn Strandabyggðar. Erindisbréfin eru misgömul.	Mögulega eru erindisbréfin ekki öll uppfærð til samræmis við breytingar sem orðið hafa á lögum og verkaskiptingu hjá sveitarfélaginu.	Sveitarstjóri sjái til þess að farið verði yfir erindisbréf fastanefnda og þau uppfærð eftir því sem tilefni er til.	Sveitarstjóri hyggst bregðast við ábendingunni.	2

Samantekt á eldri athugasemdum og ábendingum

Stjórnsýsluskoðun 2021

Atriði skoðað	Athugasemdir / ábendingar	Tillögur okkar um úrbætur	Dagsetning skýrslu	Núverandi staða	Upphafl. stig	Stig
Stefna um þjónustustig	Með lögum nr. 96/2021 var sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 breytt og m.a. bætt við nýju ákvæði, 130. gr. a. um stefnu um þjónustustig í byggðum og byggðarlögum sveitarfélags. Stefnuna skal móta samhliða gerð fjárhagsáætlunar fyrir fjögur ár og skal haft samráð við íbúa sveitarfélagsins. Sveitarfélagið hefur ekki innleitt framangreint lagaákvæði.	Sveitarstjóri sjái til þess að því verði komið á framfæri við forsvarsmenn sameinaðs sveitarfélags að við vinnslu fjárhagsáætlunar 2023-2026 verði mótuð stefna um þjónustustig í byggðum og byggðarlögum sveitarfélagsins í samræmi við 130. gr. a. sveitarstjórnarlaga.	8. apríl 2022	Á vegum innviðaráðuneytisins er verið að vinna að fyrirmynd að stefnu um þjónustustig sem gert er ráð fyrir að verði tilbúin á vormánuðum 2023. Beðið er eftir þeirri fyrirmynd.	2	2
Kennitölur stofnana sveitarfélagsins	Farið var yfir lista frá fyrirtækjaskrá Skattsins yfir allar kennitölur innan Strandabyggðar sem eru með merkinguna K2, stofnanir sveitarfélags. Um var að ræða 7 kennitölur. Staðfest hefur verið af sveitarfélaginu að 4 þeirra eru í notkun og 2 hafa þegar verið afskráðar. Fram kom hjá starfandi sveitarstjóra að vilji er til að leggja niður Héraðsnefnd Strandasýslu, kt. 411289-2739. Fyrst þarf þó að ganga frá yfirferð og ráðstöfun eigna og skulda.	Sveitarstjóri sjái til þess að lokið verði við yfirferð vegna Héraðsnefndar Strandasýslu og eftir atvikum að sú kennitala verði afskráð hjá fyrirtækjaskrá Skattsins.	8. apríl 2022	Brugðist hefur verið við ábendingunni að hluta. Samþykkt var í sveitarstjórn 13. apríl 2022 að nefndin verði lögð niður en vinna við það er ekki hafin. Sveitarstjóri hefur fengið sendar frekari leiðbeiningar frá KPMG um hvernig taka skuli málið áfram.	2	2

Samantekt á eldri athugasemdum og ábendingum

Stjórnsýsluskoðun 2018

Atriði skoðað	Athugasemdir / ábendingar	Tillögur okkar um úrbætur	Dagsetning skýrslu	Núverandi staða	Upphafl. stig	Stig
Kjör í nefndir í framhaldi af sveitarstjórnar-kosningum vorið 2018	<p>Farið var yfir ákvæði 39. gr. samþykktar um stjórn Strandabyggðar nr. 194/2016 varðandi nefndakjör og þau ákvæði borin saman við kjör sveitarstjórnar í nefndir samkvæmt fundargerðum. Fram kom eftirfarandi:</p> <p>1. Í greininni er kveðið á um kosningu endurskoðanda árlega, en í 1. mgr. 72. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er tilgreint að endurskoðandi sé ráðinn.</p> <p>2. Fara þarf yfir ákvæði greinarinnar varðandi samstarfsverkefni með öðrum sveitarfélögum (aðeins eitt atriði tilgreint), m.a. öldungaráð.</p>	Sveitarstjóri sjái til þess að 39. gr. samþykktar um stjórn Strandabyggðar verði endurskoðuð og uppfærð miðað við breytingar sem orðið m.a. á lögum og samstarfsverkefnum sveitarfélaga.	29. mars 2019	<p>Brugðist hefur verið við ábendingunni að hluta. Fyrrum sveitarstjóri fór yfir málið og hugðist jafnframt taka inn í þá vinnu breytingar sem orðið hafa á nefndaskipan sveitarfélagsins og samstarfsverkefnum. Hins vegar hefur ekki verið farið í endurskoðun samþykktarinnar um stjórn til samræmis.</p> <p>Þessari ábendingu lokað hér og vísað til nýrrar ábendingar sem snýr að kjöri í framhaldi af sveitarstjórnarkosningum 2022.</p>	2	✓

Samantekt á eldri athugasemdum og ábendingum

Stjórnsýsluskoðun 2017

Atriði skoðað	Athugasemdir / ábendingar	Tillögur okkar um úrbætur	Dagsetning skýrslu	Núverandi staða	Upphafl. stig	Stig
Brunavarnaáætlun	Í 13. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 kemur fram að á hverju starfssvæði slökkviliðs skuli liggja fyrir brunavarnaáætlun sem fengið hefur samþykki Mannvirkjastofnunar og viðkomandi sveitarstjórnar. Gild brunavarnaáætlun er ekki til staðar fyrir sveitarfélagið, en síðasta gilda áætlun var fyrir tímabilið 2006–2011.	Sveitarstjóri beiti sér fyrir því að lokið verði við gerð brunavarnaáætlunar fyrir sveitarfélagið.	9. febrúar 2018	Brugðist hefur verið við ábendingunni. Ný brunavarnaáætlun fyrir Dalabyggð, Reykhólahrepp og Strandabyggð var samþykkt í sveitarstjórn 10. maí 2022.	2	✓

Samantekt á eldri athugasemdum og ábendingum

Stjórnsýsluskoðun 2016

Atriði skoðað	Athugasemdir / ábendingar	Tillögur okkar um úrbætur	Dagsetning skýrslu	Núverandi staða	Upphafl. stig	Stig
Gjaldskrá vegna gæludýraleifya	Sveitarfélagið innheimtir gjöld vegna hunda- og kattahalds á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Hreppsnefnd hefur samþykkt gjaldskrá vegna þessara gjalda en ekki birt hana í B-deild Stjórnartíðinda.	Sveitarstjóri sjái til þess að gjaldskráin verði birt í B-deild Stjórnartíðinda eins og fyrrgreind lög gera ráð fyrir.	11. maí 2017	Brugðist hefur verið við ábendingunni. Ný gjaldskrá hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda nr. 25/2023.	1	✓



kpmg.com/socialmedia

Upplýsingar í skjali þessu eru almennar og er ekki ætlað að ná til aðstæðna tiltekins einstaklings eða lögaðila. Þó að við leitumst við að veita nákvæmar og tímanlegar upplýsingar er ekki um að ræða neina tryggingu fyrir því að slíkar upplýsingar séu nákvæmar á þeim degi sem tekið er við þeim eða að þær verði nákvæmar í framtíðinni. Enginn ætti að taka ákvarðanir á grundvelli slíkra upplýsinga nema leita fyrst viðeigandi ráðgjafar sem taka myndi mið af aðstæðum viðkomandi aðila.

©2023 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.